


Skipulagsstofnun  
Bt Jakobi Gunnarssyni  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík  
skipulag@skipulag.is

Dags. 28. desember 2023  
Tilv. 5618-0-0005  
Mál 2023-0295

Með erindi dags. 6. desember sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands um áformaðar ofanflóðavarnir á Seyðisfirði undir hlíðum Strandartinds.

Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemd við áform þessi.

Virðingarfyllt,  
fh. Veðurstofu Íslands



Hlíf Sævarsdóttir  
Sérfræðingur á rekstrarsviði



Egilsstöðum, 11. janúar 2024  
Málsnr. 202312086

## Efni: Umsögn Múlaþings við matsáætlun vegna ofanflóðavarna við Neðri-Botna á Seyðisfirði.

### Inngangur

Framkvæmdasýslan-Ríkiseignir og Múlaþing áforma að reisa ofanflóðavarnir á Seyðisfirði undir hlíðum Strandartinds með það að markmiði að bæta öryggi Seyðisfjarðar gagnvart ofanflóðum. Varnargarðarnir eru fimm talsins og liggja ofan byggðar, sunnan fjarðarins, frá Búðará að Dagmálalæk. Skipulagsstofnun óskaði eftir umsögn sveitarfélagsins með erindi, dags. 6. desember 2023, samkvæmt 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Umsögn sveitarfélagsins skal, í samræmi við 12. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, gera grein fyrir því hvort gerð sé athugasemd „við það hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar, út frá sínu starfssviði, svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum umsagnaraðili telur að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð.“

Varðandi efnistöð og umfjöllun vill Múlaþing benda á eftirfarandi atriði sem ástæða er til að hafa í huga við gerð umhverfismatsins.

- Kafli 5,5 Efnistaka
  - Stefnt að því að sækja um 80.000 m<sup>3</sup> í Skaganámu. Bent er á að kanna vel hvort þær fyrirætlanir rúmist innan núverandi efnistökuheimilda fyrir Skaganámu en verið er að vinna efni úr henni vegna ofanflóðagarða undir Bjólfi.
  - Mikilvægt er að fjallað verði um hvernig efni verður flutt úr Skaganámu að framkvæmdasvæði og fundinn lausn sem kemur í veg fyrir að það verði flutt í gegnum allan bæinn, td. með brúun Fjarðarár við Langatanga og Þórsmörk.



Mynd 5.2 Staðsetning Skaganámu ásamt staðsetningu framkvæmdasvæðis ofanflóðavarnargarða (rauður hringur). Mynd: Map.is.

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 15. janúar 2024  
Málsnúmer: 202312-0009  
LA

### Efni: Umsögn um matsáætlun ofanflóðavarna á Seyðisfirði, Neðri Botnar

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsgátt, dags. 6. desember 2023, þar sem Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun framkvæmda á ofanflóðavörnum á Seyðisfirði undir hlíðum Strandartinds.

Varnargarðarnir verða fimm talsins og liggja ofan byggðar frá Búðará að Dagmálalæk. Markmið framkvæmda er fyrst og fremst að bæta öryggi íbúa Seyðisfjarðar gagnvart ofanflóðum þar sem hluti byggðar er innan hættusvæðis.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og telur að hún sé vönduð og að í henni komi fram þau atriði sem ber að hafa í matsáætlun. Þá er almennt stefnt að greinargóðri umfjöllun um áhrif framkvæmdarinnar á helstu umhverfisþætti og nauðsynlegar rannsóknir eru ráðgerðar til að bæta þekkingarstöðu um einstaka þætti.

Framkvæmdin felur í sér mikið rask á því svæði þar sem garðarnir koma til með að standa en fyrst og fremst er um að ræða varanlegar breytingar á landslagi sem muna taka á sig meiri manngerða ásýnd þegar 6-8 m háir varnargarðar rísa ofan við byggðina.

Náttúrufræðistofnun vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

- Kanna þarf möguleika á að sporna við útbreiðslu lúpínu innan framkvæmdasvæðisins
- Æskilegt er að velja innlendar trjategundir til skógræktar á svæðinu.

Stofnunin gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir  
Jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið





Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7 b  
105 Reykjavík

Djúpivogur, 22. janúar 2024  
MÍ202312-0051/ 6.07 / P.E.H.



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Austurlands  
Bakka 1 765 Djúpvaggi

## Efni: Ofanflóðvarnir á Seyðisfirði, Neðri Botnar - kynning matsáætlunar

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið erindi Skipulagsstofnunar í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar um kynningu á matsáætlun fyrirhugaðra ofanflóðavarna á Seyðisfirði við Neðri-Botna (mál nr. 976/2023). Hægt var að hlaða matsáætluninni niður en hún er dagsett í nóvember 2023.

Áformað er að reisa ofanflóðvarnir á Seyðisfirði undir hlíðum Strandatinds með það að markmiði að bæta öryggi Seyðisfjarðar gagnvart ofanflóðum. Fyrirhugað er að koma upp fimm varnargörðum sem munu liggja ofan byggðar, sunnan fjarðarins, frá Búðará að Dagmálalæk. Forsenda framkvæmdarinnar er annarsvegar hættumat Veðurstofu Íslands og svo reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýting hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats, þar sem kveðið er á um að öryggi skuli tryggt á hættusvæðum. Svæðið sem framkvæmdin einblínir á er íbúabyggðin frá Búðará inn að Dagmálalæk. Helstu framkvæmdarþættirnir fela í sér landmótun vegna varnargarðanna, vegslóða og efnistöku. Framkvæmdin kallar á breytingu á aðalskipulagi og gerð deiliskipulags.

Fjallað er um fornleifar í matsáætluninni. Gert er grein fyrir því í kafla 7 í matsáætluninni að leyfi Minjastofnun Íslands þurfi vegna mögulegs rask á fornleifum samanber lög um menningarminjar. Einnig eru fornleifar meðal þeirra umhverfisþátta sem verðar skoðaðir í matsvinnunni. Í kafla 9.5 er fjallað sérstaklega um fornleifar. Þar segir að lítið sé um skráðar minjar á svæðinu og að fornleifaskráning sem liggja fyrir hafi verið gerð árið 2009 og uppfyllir ekki gildandi skráningarstaðla. Því sé þörf á nýrri skráningu. Í áformaðri gagnaöflun kemur fram að fornleifar verði kortlagðar á framkvæmdasvæðinu og að fornleifafræðingur muni skrá og mæla upp fornleifar á þeim svæðum þar sem jarðrask er fyrirhugað vegna varna og vinnuvega. Útlínur og staðsetningar fornleifa verða færðar á kort m.t.t. rasksvæðis og gert verður grein fyrir áhrifum þeirra. Antikva ehf. mun sjá um skráningu fornleifa.

Minjastofnun Íslands ítrekar að skrá þarf fornleifar á öllum svæðum þar sem jarðrask tengt framkvæmdinni er fyrirhugað. Þar á meðal eru efnistökusvæði og vegagerð svo dæmi sé tekið. Í frummatsskýrslu þarf

Puríður Elísa  
Harðardóttir  
Minjavörður Austurlands  
thuridur@minjastofnun.is

*að sýna staðsetningu og útlínur fornleifa á korti/loftmynd ásamt útlínunum fyrirhugaðra mannvirkja á framkvæmdarsvæðinu. Í frummatsskýrslu þarf einnig að fjalla um fornleifar á svæðinu, áhrif framkvæmdarinnar á þær og mótvægisáðgerðir sem framkvæmdaraðili hyggst grípa til vegna fornleifa.*

*Minjastofnun Íslands vekur einnig athygli á því að skrá þarf hús og mannvirki sem falla undir verndarákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. Séu slík innan svæðisins þarf að fjalla um þau í frummatsskýrslu, hvaða áhrif framkvæmdirnar hafa á þau og mótvægisáðgerðir sem framkvæmdaraðili hyggst grípa til vegna þeirra.*

*Í matsáætluninni kemur fram að vinna þurfi deiliskipulag vegna framkvæmdanna. Minjastofnun Íslands bendir á að við gerð deiliskipulags þarf skráning fornleifa, húsa og mannvirkja að ná yfir allt deiliskipulagssvæðið.*

*Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við tillögu að matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 stendur m.a.:*

*Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.*

*Í 2. mgr. 24. gr. sömu laga stendur einnig:*

*Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megir úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

*Nánari upplýsingar veitir undirrituð.*

Virðingarfyllst,



Þuríður Elísa Harðardóttir  
Minjavörður Austurlands

Afrit sent í tölvupósti:  
Skipulagsstofnun ([skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is))  
Jakob Gunnarsson ([jakob@skipulagsstofnun.is](mailto:jakob@skipulagsstofnun.is))